

Stjórnarfundur nr. 16
29. apríl 2010 kl.19:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Erindi frá papillon- og phalendeild

From: Asta Maria Gudbergsdottir [mailto:papillon_asta@yahoo.com]

Sent: 20. apríl 2010 00:32

To: Stjórn

Subject: Til stjórnar

Til stjórnar HRFÍ,

Kosið var um tvær reglur á aðalfundi papillon- og phalendeildar og viljum við leggja þær fyrir samþykkt hjá stjórn HRFÍ.

Annars vegar kom uppástunga um að lækka lágmarksaldur á tíkum við þörun. Samþykkt var að lækka aldurinn niður í 20 mánaða.

Seinni reglan sem samþykkt var er svo hljóðandi:

Eftir 1. september 2010 fæst ekki ættbók á hvolpa nema að foreldrar hafi verið hnéskeljaskoðaðir og vottorði frá dýralækni skilað til HRFÍ, sem útgefið er eftir að hundur/tík hefur náð eins árs aldri.

Einnig vildi fundurinn koma á framfæri hversu slæmt væri þegar augnskoðun félli niður eins og nú í vor þegar okkar tegund (og fleiri) er með þá reglu að augnvottorð megi ekki vera meira en eins árs. En auðvitað þarf skoðunin að standa undir sér og það skiljum við en kom meðal annars upp sú hugmynd að auglýst væri af HRFÍ að ekki væri komið nóg að hundum til að augnskoðun yrði, kæmi þetta t.d upp aftur. Einnig kom upp umræða um að lengja gildi augnvottorða hjá papillon og phalène en ákveðið að skoða það vel áður og þá kannski helst á eldri hundum. Stjórnin mun því fara í að skoða þau mál hjá öðrum löndum.

Kv,

Stjórn papillon- og phalène deildar.

From: Valgerður Júlíusdóttir

Sent: 20. apríl 2010 10:42

To: 'Asta Maria Gudbergsdottir'; Stjórn

Subject: RE: Til stjórnar

Valgerður sendi eftirfarandi póst fyrir fundinn:

Sæl,

Mótttekið.

Varðandi augnskoðun þá verður tryggt að augnskoðun verður í júní. Við munum reyna koma á reglu að hafa augnskoðun 2x á ári þannig að fólk geti treyst á þær. Það verður sennilega tengt hundasýningum. Varðandi að lækka lágmarksaldur á tíkum fyrir þörun þá þurfið þið að rökstyðja hvers vegna þið óskið eftir þessari breytingu.

Með bestu kveðju,

f.h. stjórnar og skrifstofu Hundaræktarfélags Íslands,

Valgerður

Samþykkt og auglýsa á vefsíðu deildarinnar.

A-2360

Reglan verður eftirfarandi og bætist við þær kröfur sem eru nú eru gildandi:

Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr eftir að hundur/tík hefur náð eins árs aldri. (Gildir frá 01.09.10).

2. Stjórn óskaði eftir upplýsingum frá Ferdinand Hansen um hans réttindi til að dæma á alhliðaveiðiprófum.

Samþykkt að boða dómarráð á næsta fund stjórnar til að vinna erindið áfram. A-2360a

3. Bréf frá Örnun Rúnarsdóttur og Evu Kristinsdóttur

A-2361

4. Bréf frá Bryndísi Pétursdóttur vegna svarbréfs frá stjórn HRFÍ vegna beiðni spanieldeildar á breytingu á gildistíma augnskoðunar á am. cocker spaniel

From: bryndpet@landspitali.is [mailto:bryndpet@landspitali.is]

Sent: 16. apríl 2010 11:32

To: Valgerður Júlíusdóttir

Cc: gullmolacocker@gmail.com

Subject: Fyrirspurn

Sæl

Ég hef svo sannalega kynnt mér tegundina mína í heild sinni og legið mikið yfir augnmálum hef verið í sambandi við ræktendur í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi einmitt í sambandi í inngrónu augnhárin inngróin augnhár hafa lengi vel ef ekki alltaf verið fylgikvilli í amerískum cocker um allan heim, Ísland er á engan hátt undan skilið því og verður vandanum því miður ekki útrýmt né breytt með örum augnskoðunum. Engar reglur eru til í öðrum norðurlöndum um ræktunardýr með inngróin augnhár þar sem lítið yrði eftir af ræktunardýrum ef þau yrði tekin út það er einungis í höndum ræktenda að sýna fagmennsku og hafa þetta til hliðsjónar í sinni ræktun í heildina lítið burt sé frá inngrónu augnhárunum stendur tegundin hér nokkuð vel

Ekki er hægt að bjóða fólki upp á 12 mánaðar gildistíma ef eina leiðin til að halda augnvottorðum alltaf í gildi er að augnskoða þá á 6-8 mánaðarfresti. Er ég því mjög ósátt við að stjórn skuli líta svo á að tegundin í heild sinni skuli ekki standast heilsufarskröfur og þurfi hertari hnúta einungis út af fjölda tilfella af inngrónum augnhárum.

Í sambandi við stofnun Amerískrar cocker spanieldeildar hafði ég samband við skrifstofu og fékk eftir farandi svar sem fylgir hér með að neðan. Þetta eru ekki sömu upplýsingar og stjórn gefur sem mér finnst reyndar mjög skrytið...en þá verður bara að vinna í því að uppfylla hin skilyrðin á met tíma þar sem cocker fólk hefur mikinn áhuga á fá sérdeild fyrir sína tegund.

Hvernig mun það þá virka þar sem Spanieldeildin er með aðalfund eftir rúma viku á þá að kjósa í stjórn þó svo að það standi til að splitta henni upp ?

Kveðja

Bryndís

5. Aðalfundir deilda standa enn yfir

Vorsthedeild, miðvikudaginn 24. mars, hafa skilað ársskýrslu, **fundi frestað**

Grefil- og sporhundadeild, var frestað

Írsk setterdeild

Fuglahundadeild, voru búnir að boða fund miðvikudaginn 28. apríl en honum frestað

Boxerdeild

6. Skýrsla frá stjórnnum deilda

- Ársskýrsla, ársreikningur og starfsáætlun chihuahuedeildar.
- Ársskýrsla smáhundadeildar

7. Erindi frá spítzhundadeild – beiðni um deildarsýningu í júlí ásamt kostnaðaráætlun.

A-2362/A-2363

Umsóknin ekki samþykkt. Samkvæmt Starfsreglum ræktunardeilda í kafla V.

Deildarsýningar segir í lið 1:

“Ræktunardeildum HRFÍ er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi sýningarstjórnar og stjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ fyrir 1. september ári áður en sýning er fyrirhuguð. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.”

Stjórn HRFÍ hvetur stjórn deildarinnar að gera eitthvað annað til að sýna samstöðu innan hópsins t.d. að vera með opna sýningu eða útilegu. Allir voru sammála um að umsóknin var vel unnin.

8. Fjárhagsuppgjör Fuglahundadeildar v. veiðiprófs nr.501002

A-2364

9. Bréf frá X – framkoma við dómara – Klögumál

A-2365/A-2366

Stjórn var sammála að taka málið ekki fyrir því samkvæmt Veiðiprófsreglum fyrir tegundahóp 7 segir m.a. í kaflanum 3.8.2. undir Klögumál:

“Ef upp kemur mjög alvarlegur ágreiningur eða agavandamál, getur veiðiprófanefnd HRFÍ vísað málinu til siðanefndar HRFÍ.”

Samkvæmt ofangreindu hefði X átt að vísa málinu til siðanefndar. Búið er að láta XXX vita um klögumálið og óskað var eftir greinagerð frá honum fyrir fundinn sem var þó ekki tekin fyrir á fundinum samkvæmt ofangreindri reglu. Stjórn áréttar að dómara kynni sér Veiðiprófsreglur til hlýtar. XX vék af fundi á meðan fjallað var um málið.

10. Greinagerð frá XXX vegna framkomu við dómara A-2367/A-2368

Stjórn var sammála um að klögumál í veiðiprófi X hefði átt að kæra til siðanefndar en samkvæmt *Veiðiprófsreglum* fyrir tegundahóp 7 segir m.a. í kaflanum 3.8.2 undir Klögumál:

“Ef upp kemur mjög alvarlegur ágreiningur eða agavandamál, getur veiðiprófanefnd HRFÍ vísað málinu til siðanefndar HRFÍ.”

Stjórn HRFÍ tók ofangreint erind X ekki fyrir og þar af leiðandi var greinagerðin ekki tekin fyrir á fundinum. XX vék af fundi á meðan fjallað var um málið.

11. Nýr starfsmaður á skrifstofu – Bára Traustadóttir, byrjar í næstu viku.

12. Önnur mál

- Fulltrúaráðsfundur – stefna að á miðvikudaginn 5. maí kl. 20:00

Fundarefni:

- Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
- Sólheimakot - umgengni og viðhald
- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
- Önnur mál

13. Næsti stjórnarfundur 5. maí kl.17:00.

Fundi slitið.